

Staðarholt í Vopnafirði er dæmi um hverju samvinna og einhugur geta áorkað

Reis úr öskunni eins og fuglinn Fönix



Sem nýtt Kvenfélagið Lindin á Vopnafirði hefur látið endurbyggja Staðarholt og ætlar því mikið hlutverk.

Á næstunni munu verkefnisstjórar endurbyggingar félagsheimilisins Staðarholts í Vopnafirði, þær Ágústa Þorkelsdóttir á Refsstað og Sigríður Bragadóttir á Síreksstöðum, afhenda Kvenfélaginu Lindinni á Vopnafirði húsið formlega eftir gagngerar endurbætur. Saga þeirra endurbóta er hálfgerð ævintýri og til marks um að samtakamátturinn getur komið ýmsu á reksþöl.

Í Staðarholti hafa í fleiri áratugi verið haldnar samkomur í kringum höfuðdag í ágúst, eða n.k. töðugjöld. Var messað, boðið upp á kaffi og svo haldinn dansleikur í kjölfarið, einnatt kallaður Hofsbali. Þegar árin liðu varð Hofsbalið eini viðburðurinn í húsinu og á stundum fór ýmislegt úr böndunum. Böllin urðu fræg fyrir að vera allsvæsin og mikið um drykkjuskap og skemmdarverk. Húsið lét á sjá og breyttist hreinlega í ruslahaug og var síðasta Hofsbalið haldið árið 2000.

Ungmennafélagsdeildin í sveitinni byggði húsið 1952 í sjálfboðavinnu og sá um það allt til ársins 2001, en Lindin, sem starfað hefur á Vopnafirði í rúm 80 ár, tók þá við því. Þeim Ágústu og Sigríði, sem báðar eru kvenfélagskonur, rann til rifja ásigkomulag hússins og upp kom hugmynd um að félagið stæði að endurbyggingu. Þær vildu gera Staðarholt að sóma sveitarinnar, þar sem félög eins og kvenfélag og búnaðarfélag gætu haft aðsetur. Einnig var markmiðið að ganga þannig frá húsinu að þar mætti reka kaffisölu, svefnþokapláss, ættarmótþjónustu eða annað það sem Vopnafirðingum dytti í hug.

Bannað að renna á rassinn

"Við Sigríður fórum með málið inn á kvenfélagsfund og sögðum að ef þær vildu fara út í endurbyggingu skyldum við taka að okkur að vera verkefnisstjórar, sem var samþykkt," segir Ágústa. "Við byrjuðum svo að þvarga og vesenast til að ýta málinu af stað, en fyrst í stað gekk hvorki né rak. Lindin hafði lagt okkur til 450 þúsund krónur og við fengum byggingarfyrirtækið Mælifell til að gera tilboð í klæðningu hússins að utan, einangrun og skipti á þaki, til að átta okkur á umfangi málsins. Það var minnst 3,5 milljónir framreiknað á verðlagi í dag og við supum hreinlega hveljur. Ég hafði skrifað bréf til ýmissa styrktarsjóða og engar undirtektir fengið nema á tveimur stöðum, þar sem mér var vinsamlega bent á að ekki væri vaninn að styrkja kvenfélög, það væri öfugt. Stuttu eftir þetta hringir velunnari okkar Sigríðar til hennar og býður okkur 500 þúsund krónur að láni í verkefnið, vaxtalaust og til minnsta kosti

tveggja ára með afborgunum eftir samkomulagi einhvern tíma. Við vorum báðar svefnlausar nóttina á eftir, það var svo makalaust að þarna væri komin manneskja sem hlúði að okkur til að þetta væri hægt. Það fylgdi með að við mættum ekki renna á rassinn með verkið því hugmyndin væri svo góð. Við mögnuðumst allar upp við þetta og byrjuðum að tæstast og tryllast í hvort ekki væri hægt að hefja framkvæmdir um haustið. Við létum Mælifell byrja á að skipta um þak. Þá sæi fólk að eitthvað væri byrjað. Þar með losuðum við þær 950 þúsund krónur sem við áttum. Svo sendum við bréf til sveitunganna um vorið þar sem við kynntum að næsta mál á dagskrá væri að klæða húsið að utan, ganga frá vatns- og frárennislögnum og hreinsa gamalt drasl út og í kjölfarið endurbæta framenda hússins, færa allt í nýjan búning innan dyra, pússa salargólf og laga salinn, ganga almennilega frá lóð umhverfis og girða. Hreppsnefnd lagði fram 100 þúsund krónur til verksins og við leituðum til sveitunganna um stuðning, fjárframlög eða loforð um sjálfböðavinnu eða annað sem hjálpað gæti til að endurlífga Staðarholt og auka samstöðu innan sveitar."

Prettán bæja kaffidrykkja

Ágústa og Sigríður heimsóttu svo alla bæi í sveitinni með söfnunarlista og segist Ágústa hafa drukkið kaffi á þrettán bæjum einn daginn. Afraksturinn varð þrjúhundruð þúsund krónur. "Já, við drukkum mikið kaffi og fengum óskaplega jákvæðar móttökur hjá fólki. Þarna varð ekki aftur snúið og við fundum að við höfðum hljómgrunn. Skrifuð voru fleiri bréf sem sum báru árangur og önnur ekki. 400 þúsund fengum við frá Veiðifélagi Hofsár.

Jarðeigendur, sem ekki hafa fasta búsetu í sveitinni, fengu líka bréf. Fyrst skrifuðum við þeim 2002 og fengum 15 þúsund kall vegna þess að þá treysti enginn á okkur. Síðan endurtókum við þetta í vetrarbyrjun 2004 og buðum upp á tvennt; að styðja þetta verkefni eða menntasjóðinn sem við erum líka með. Ef þeim þætti Staðarholtsmálið vitlaust gætu þeir allt eins stutt hitt. Einn sendi strax hundrað þúsund krónur í Staðarholt og annar 50 þúsund í menntasjóð."

Þegar þarna var komið var búið að leggja tæpa milljón í húsið og um 600 klukkustundir í sjálfböðavinnu sveitunga. Þaki var lokið, búið að klæða húsið utan og einangra, skipta um gler og kaupa hluta gólfefnis. Var áætlað að minnst 750 þúsund krónur vantaði upp á til að ljúka verkinu. Þegar allt var talið nú í sumar höfðu sjálfböðaliðar skilað eitt þúsund og átta hundruð vinnustundum og kostnaður orðinn tæplega tvær milljónir króna vegna efnis o.fl. Nú er húsið fullbúið og að sögn Ágústu talsvert betra en þær Sigríður létu sig dreyma um.

"Nú hafa allar skuldir verið gerðar upp við fyrirtæki vegna hússins," segir Ágústa og leggur áherslu á að það sé ekki á hverjum degi sem framkvæmd af þessu tagi vinnist með sjálfböðavinnu og lágmarkskostnaði. "Að þetta sé gert af ekki stærra félagi en Lindinni, þar sem eru 24 konur, og 62 sjálfböðaliðum úr 250 manna sveit er blátt áfram magnað. Og enn er fólk að koma með hluti sem nýtast í húsið. Hér er t.d. forláta stóll sem tveir eldri menn í byggðarlaginu fundu á öskuhaugunum, gerðu hann upp og gáfu okkur. Þeir höfðu dansað í Staðarholti upp úr 1950. Hjón úr sveitinni komu með nýja eldhúsinnréttingu, einhver kom með gamlan og fínan ísskáp, önnur eldavél, elliheimilið gaf gamlar kaffikönnur og Tangi alla ofna. Lindin á að hafa hér sitt félagsheimili á vetrum og okkur dreymir um að kvenfélagið geti haft tekjur af húsinu. Ekki aðeins fyrir útleigu vegna samkomuhalds, heldur einnig í þá veru að konur geti t.d. leigt húsið af félaginu og haft þar kaffisölu og fengið tekjurnar af því í eigin vasa. Það er kominn tími til, eftir sjálfböðavinnu sömu kvennanna í áratugi."

